

034/00 - Bv. Ottó N. Þorláksson RE-203

Ottó N. Þorláksson RE-203, skipverji slasast er bugt á grandara slæst í höfuð hans

Bv. Ottó N. Þorláksson RE-203

Skipaskr.nr.: 1578

Smíðaður: í Garðabæ 1981 úr stáli

Stærð: 485,46 brl; 879,00 bt

Lengd: 57,00 m **Breidd:** 10,30 m **Dýpt:** 7,30 m

Vél: MAK 1.619,00 kW **Árgerð:** 1981

Annað:

Földi skipverja: 15



Ottó N Þorláksson ©Jón Sigurðsson

Atvikalýsing

Hinn 4. mars 2000 var bv. Ottó N. Þorláksson RE-203 á siglingu suðvestur af Reykjanesi. Veður: Sæmilegt.

Skipverjar voru að skipta um grandara á báðum grandaravindum. Þegar verið var að draga vírinn af bb.-grandaravindu kom skyndilega bugt á grandarann sem slóst með talsverðu afli í andlit þess skipverja sem var næst vindunni við að draga vírinn af. Gerðist þetta í lok vaktar og fór skipverjinn inn til að jafna sig. Haft var samráð við lækni í landi um aðhlynningu en ekki talin ástæða til sérstakra aðgerða.

Þegar hinn slasaði hugðist hefja vinnu að lokinni frívakt og var kominn út á þilfar missti hann meðvitund og var fluttur inn og látinn hafa hægt um sig. Aftur var haft samband við lækna og leitað ráða en þeir töldu ekki ástæðu til neinna sérstakra aðgerða nema láta manninn hvíla sig.

Skipverjinn fór til læknis er skipið kom til hafnar nokkrum dögum síðar.

Við rannsókn kom fram

- að slasaða er ekki ljóst hvort vírbugtin slóst til við snúning vindunnar eða hvort bugtin myndaðist um leið og vírinn kom út af vindunni. Um var að ræða tvöfalda grandara (efri- og neðrigrandarar);
- að skráning skipverja var ekki í lagi í lögskráningarkerfinu, en skráning skipverja hafði verið send rétt frá skipinu. Kom í ljós að galli er á lögskráningarkerfi því sem notað er við samræmda skráningu skipverja um allt land. Er möguleiki á að fá fleiri en eina útgáfu af lista yfir skipverja eftir því hvers konar tölvusambandi viðkomandi er í við gagnabankann.

Nefndarálit

Nefndin telur að allar líkur séu til að slakað hafi verið á vindunni með meiri hraða en náðist að draga vírinn af og við það hafi myndast laus bugt á vírinn sem slóst til.

Vill nefndin brýna það sérstaklega fyrir mönnum að þegar verið er að draga vír af vindu sé ekki slakað með meiri hraða en svo að skipverjar hafi alltaf undan að draga vírinn af vindutromlu.

Tillögur í öryggisátt

Nefndin vill benda á að mikilvægt sé að lögskráning skipverja sé alltaf í samræmi við mönnun skipsins hverju sinni. Að allir, sem ráðnir eru sem skipverjar, séu skráðir í sína stöðu. Lögskráning skipverja er til þess að ljóst sé hver eða hverjir eru á skipinu ef eitthvað kemur fyrir.